



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/181

Alþingi

Erindi nr. P 133/353

komudagur 27.11.2006

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
www.sit.is

27. nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, 350. mál.

Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna skulu húseigendur greiða umsýslugjald sem nemur 0,1% af brunabótamati hvernar húseignar á árunum 2005 og 2006. Er váttryggingafélagunum gert að innheimta þetta gjald samhliða iðgjöldum félaganna vegna lögboðinna brunatrygginga húseigna. Samkvæmt nógildandi bráðabirgðaákvæði fellur umsýslugjaldið því niður í lok þessa árs.


Löngum hefur eigendum húsnæðis hér á landi verið skylt að lögum að brunatryggja húseignir sínar. Jafnframt hefur löggjafinn í árunna rás mælt fyrir um ýmis gjöld til opinberra aðila, sem reiknuð skulu af brunabótamati/váttryggingarfjárhæð húseignanna. Hefur váttryggingafélagum verið gert að innheimta þau gjöld samhliða iðgjöldum sínum. Þessi opinberu gjöld, sem eru samtals margfalt hærri heldur en sjálf iðgjöldin, eru sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Brunavarnagjald skv. 1. nr. 75/2000 um brunavarnir.
Rennur til starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins | 0.045% |
| 2. Umsýslugjald skv. 1. um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 m. síðari breytingum.
Rennur til Fasteignamats ríkisins/Landskrár fasteigna | 0.100% |
| 3. Gjald skv. lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997. Rennur til Ofanflóðasjóðs. | 0.300% |
| 4. Viðlagatryggingariðgjald skv. 1. nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. | 0.250% |
| Alls af váttryggingarfjárhæð (brunabótamati). | 0.695% |

Að lögbjóða váttryggingu og nota svo það réttarástand sem beint tilefni til margvíslegrar opinberrar gjaldtöku á hendur húseigendum er auðvitað almennt ekki sæmandi.

Landskrá fasteigna og uppbygging hennar hefur geysimikla þýðingu, bæði til að halda utan um hagsmuni og réttindi einstaklinga/lögaðila og hins opinbera. Ekki er þó sanngjarnt, að eigendur húsnæðis standi einir undir uppbyggingu slíkrar skrár. Miklu varðar þó, að uppbyggingu Landskrár fasteigna verði lokið eins og að var stefnt. Fyrir liggur, að fjármálaráðuneytið hefur skipað sérstakan starfshóp í því skyni að taka til gagn Gerrar endurskoðunar verkefni Fasteignamats ríkisins/Landskrár fasteigna og þar með tilhögun fjármögnunar þeirra verkefna. Loks liggur fyrir, að í þessu frumvarpi er við það miðað, að innheimtan á umsýslugjaldinu eigi ekki að vera varanleg, heldur einungis bundin við árin 2007 og 2008. Með vísan til framangreinds er því af hálfu SÍT ekki lagst gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

A large, stylized handwritten signature in black ink, which appears to read 'Sigmar Ármannsson'. The signature is written over a horizontal line.

Sigmar Ármannsson